

Sp.

112. Fyrirspurn

[109. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuverð til álversins í Straumsvík.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða verð greiddi ÍSAL fyrir raforku frá Landsvirkjun á árinu 1985 og hvert er verðið ársfjórðungslega samkvæmt samningi á yfirstandandi ári?
2. Hver hefur verið raforkunotkunin hjá ÍSAL á sama tímabili?
3. Hverjar eru horfurnar um raforkuverð og raforkunotkun hjá ÍSAL á árinu 1987 að mati Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins?
4. Hverju var spáð um raforkuverð og raforkunotkun hjá ÍSAL á árunum 1985, 1986 og 1987 samkvæmt þeim forsendum sem lagðar voru fyrir Alþingi og þingnefndir vegna samninga við Alusuisse í nóvember 1984?
5. Hver er lækkunin á raungildi raforkuverðsins á árunum 1985 og 1986 vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu?

Beðið er um raforkuverð tilgreint í mill/kwst. og ísl. aurum/kwst., heildarársgreiðslur, raunverulegar og áætlaðar, í bandaríkjadöllum og íslenskum krónum miðað við meðalgengi og á verðlagi 1986.

Skriflegt svar óskast.